

REGLUGERÐ

um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

I. KAFLI Gildissvið o.fl.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um móttöku tilkynninga, greiningu og miðlun upplýsinga hjá peningaþvættisskrifstofu um hugsanlegt peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006.

2. gr. *Orðskýringar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Peningaþvættisskrifstofa:* Sjálfstæð eining innan embættis héraðssaksóknara þar sem móttaka og meðhöndlun tilkynninga um grunsamleg viðskipti og fyrirhuguð viðskipti samkvæmt 17. og 18. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fer fram.
- PT-grunnur:* Sérstæður gagnagrunnur peningaþvættisskrifstofu þar sem tilkynningar um grunsamleg viðskipti, sem þegar hafa átt sér stað eða fyrirhuguð, eru skrásettar og greindar.
- Greining:* Söfnun og vinnsla upplýsinga með það að markmiði að kanna hvort grunsamleg viðskipti, sem þegar hafa átt sér stað eða fyrirhuguð, tengist háttsemi, sem varða kann við almenn hegningarlög og eftir atvikum sérrefsilög.

3. gr. *Þagnarskylda.*

Sérhver starfsmaður peningaþvættisskrifstofu og lögreglu sem vinnur að meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt reglugerð þessari er bundinn þagnarskyldu samkvæmt ákvæðum lögreglulaga nr. 90/1996 og laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um þá vitneskju sem hann fær vegna tilkynninga um ætlað peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

II. KAFLI

Meðhöndlun tilkynninga vegna grunsemda um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4. gr.

Tilkynningar.

Tilkynningar um grunsamleg viðskipti, sem þegar hafa átt sér stað eða fyrirhuguð, sendast til peningaþvættisskrifstofu með rafrænum eða stafrænum hætti eða sem bréf (t.a.m. geisladiskar).

Peningaþvættisskrifstofa veitir leiðbeiningar um form og efnisatriði slíkra tilkynninga, t.d. með útgáfu sérstaks eyðublaðs í þessu skyni.

5. gr.

Skráning tilkynninga og skjalasafn.

Allar tilkynningar skal skrá rafrænt í PT-grunninn eins fljótt og auðið er. Ákvæðið gildir einnig um viðbótarupplýsingar við tilkynningar sem skráðar hafa verið. Öll skjöl sem og stafræn gögn skal geyma í málsmöppum. Málsmöppur skulu geymdar í læstri skráargeymslu.

Einungis starfsmenn peningaþvættisskrifstofu geta fengið les- og skrifaðgang að PT-grunninum. Aðgang að grunni gefur yfirmaður peningaþvættisskrifstofu.

Skrá skal meðal annars eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn þess aðila sem tilkynnir,
2. nafn þess sem tilkynning varðar,
3. eðli viðskipta, umfang og
4. ástæðu þess að tilkynnandi telur viðskipti, sem þegar hafa átt sér stað eða fyrirhuguð, vera grunsamleg.

6. gr.

Greining.

Á grundvelli tilkynningar og eftir atvikum upplýsingaöflunar skal fara fram greining sem verður grundvöllur ákvörðunar samkvæmt 7. gr.

7. gr.

Ákvörðun.

Ef grunur er um refsiverða háttsemi í kjölfar greiningar tekur peningaþvættisskrifstofa ákvörðun um hvort erindi þar að lútandi verður sent til viðkomandi ákærvaldshafa.

Ákærvaldshafi, sem tekur við erindi samkvæmt 1. mgr., tekur ákvörðun um hvort:

1. hefja eigi lögreglurannsókn og/eða
2. stöðva eigi viðskipti, sbr. 8. gr.

Ákvarðanir samkvæmt ákvæði þessu skulu teknar svo fljótt sem auðið er.

8. gr.

Stöðvun millifærslu.

Ákærvaldshafi getur þegar nauðsyn krefur gefið tilkynnanda fyrirmæli um að viðskipti, sem tilkynnt hefur verið um skv. 17. og 18. gr. laga um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, verði ekki framkvæmd, sbr. 1. mgr. 19. gr. sömu laga. Við ákvörðun skal taka tillit til þess hvort ástæða sé til að ætla að fjármunum verði spillt eða komið undan.

Nú eru viðskipti stöðvuð, sbr. 1. mgr., og skal þá flýta rannsókn til að stöðvun viðskipta vari ekki lengur en nauðsyn krefur og ávallt innan þess frests sem tilgreindur er í tilkynningu. Þetta gildir þó ekki ákveði ákærvaldshafi að hefja rannsókn og sem lið í henni, haldleggi fjármuni eða geri aðrar ráðstafanir í samræmi við heimildir í lögum um meðferð sakamála.

9. gr.

Skráning og notkun upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir lögreglumálefni.

Nú eru upplýsingar sem peningabættisskrifstofa móttækur í tengslum við tilkynningu um grunsamleg viðskipti mikilvægar lögreglurannsóknarupplýsingar og skal þá skrásetja slíkar upplýsingar í landskerfi lögreglunnar. Skráning upplýsinga skal vera með þeim hætti að hún beri ekki með sér hver tilkynnandi er og á hvers vegum viðkomandi starfar.

10. gr.

Upplýsingagjöf til tilkynnanda.

Þeim er tilkynnir skal strax send skrifleg staðfesting um móttöku tilkynningarinnar.

Þegar peningabættisskrifstofa hefur tekið ákvörðun skv. 7. gr. skal tilkynnanda tilkynnt skriflega um ákvörðunina nema hann hafi tekið fram að slík upplýsingagjöf sé ónauðsynleg. Gera skal tilkynnanda grein fyrir niðurstöðu máls ef tilkynningin hefur leitt til sakamáls.

11. gr.

Varðveisla og miðlun upplýsinga.

Peningabættisskrifstofa skal varðveita og birta árlega upplýsingar um fjölda tilkynninga um grunsamleg viðskipti, hvernig tilkynningum er fylgt eftir, fjölda tilvika sem rannsakaður er, fjölda einstaklinga sem eru saksóttir eða dæmdir fyrir peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, verðmæti og tegund eigna sem hafa verið kyrrsettar eða lagt hald á á grundvelli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eða gerðar upptækar á grundvelli almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Peningaþvættisskrifstofa skal miðla nýjustu upplýsingum um aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til tilkynningarskyldra aðila og hvernig unnt sé að greina viðskipti sem falla undir ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

III. KAFLI

Eyðing tilkynninga um grunsamleg viðskipti.

12. gr.

Eyðing gagna.

Nú eyðir greining samkvæmt 6. gr. grun um tengsl við ólöglegt athæfi og skal þá eyða öllum upplýsingum um málið sem skráðar hafa verið í PT-grunninn.

Nú er ekki svo ástatt, sem í 1. mgr. greinir, og skal þá eyða upplýsingum innan 7 ára frá því að upplýsingar voru skráðar í PT-grunninn nema nýjar upplýsingar hafi verið skráðar eða byrjuð hafi verið lögreglurannsókn sem beinist gegn einstaklingum eða lögaðila sem tilkynningin varðar.

IV. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 626/2006 um meðhöndlum tilkynninga um ætlað peningaþvætti, með síðari breytingum.

Innanríkisráðuneytinu, xxx 2016.

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir